

## HVERFISRÁÐ HÁALEITIS- OG BÚSTAÐAHVERFIS

Ár 2016, mánudaginn 21. mars kl. 15:50 var haldinn 142. fundur hverfisráðs Háaleitis og Bústaða. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Efstaleiti 1. Viðstödd voru: Hörður J. Oddfríðarson, Jódís Bjarnadóttir varamaður, (*í forvöllum Dóru*) Elín Oddný Sigurðardóttir, Sigurður Eggertsson, Hjalti Sigurðarson varamaður (*í forvöllum Elínóru*) og Snorri Þorvaldsson áheyrnarfulltrúi. Dóra Magnúsdóttir tilkynnti veikindi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Bergný Sævarsdóttir frá Íbúasamtökum Bústaða og Fossvogs. Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri og Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnastjóri þekkingarmiðstöðvar í PLH sem ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Bréf dagsett 18. 3. 2016 frá USK. Þar sem boðað er til kynningarfundar 31. mars nk kl. 17 í Borgartúni 14, Vindheimum vegna umsóknar varðandi breytingu á deiliskipulagi á lóðunum nr. 73-75 og 77 við Sogaveg.  
Hverfisráð fagnar nýbreytni í vinnubrögðum USK þar sem íbúar fá tækifæri til að kynna sér fyrirhugaðar breytingar í nærumhverfi sínu með góðum fyrirvara.  
Hverfisráðsfulltrúar eru hvattir til að mæta á fundinn 31. mars n.k.
  2. Framkvæmdastjóri segir frá opnum fundi sem haldinn var 16. febrúar s.l. um fyrirhugaðar breytingar á deiliskipulagi á RUV-reit. Um var að ræða sameiginlegan fund RÚV og Reykjavíkurborgar.
  3. Umsóknir í hverfissjóð. Auglýst var eftir umsóknum í sjóðinn í síðasta tbl. hverfisblaðsins og á vef þjónustumiðstöðvarinnar.
  4. Bréf dags. 15. feb. 2016 lagt fram til kynningar um notkun fjarfundabúnaðar á fundum nefnda og ráða hjá borginni.
  5. Málþing 1. mars um virkni til æviloka. *Að bæta lífi við árin.* Verkefnastjóri segir frá fjölmennu málþingi þar sem rætt var um félagsstarf á vegum velferðarsviðs.
- Kl. 16.50 Hjalti Sigurðarson víkur af fundi
6. Hverfishátíðir verða:
    - a) *Bústaðahverfi 21. apríl sumard. fyrsta hátíð*
    - b) *Háaleitishverfi 21. apríl sumard. fyrsta hátíð*
  7. Samskipti innan hverfis – tengslanet – FB síða hverfisráðs. frestað
  8. Efnisveita í hverfi. Skúrinn/ Selið við Jörfa. frestað
  9. Húsnæði Sólbúa í haust? frestað

### Fundi slitið kl.17.15

Hörður J. Oddfríðarson ( Sign)  
Elín Oddný Sigurðardóttir (Sign) Jódís Bjarnadóttir ( Sign)  
Sigurður Eggertsson (Sign)